

**Ed.**

## **226. Frumvarp til laga**

um dýrtiðarráðstafanir.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

### **I. KAFLI**

#### **Markmið laga þessara.**

##### **1. gr.**

Til þess að vinna gegn verðbólgu og dýrtið, tryggja áframhaldandi rekstur sjávarútvegsins, stemma stigu fyrir atvinnuleysi og auka framleiðslu til gjalddeyrissjóðs ríkisins er sett lögjöf sú, sem hér fer á eftir.

### **II. KAFLI**

#### **Um eignaraukaskatt.**

##### **2. gr.**

Á árinu 1948 skal leggja sérstakan skatt á eignarauka, sem orðið hefur á tímabilinu frá 1. janúar 1940 til 31. desember 1947. Skal sá skattur renna í framkvæmdasjóð ríkisins, sbr. lög nr. 55/1942.

Nú verður stofnaður afla- og hlutatryggingasjóður fyrir bátaútveginn með lögum, og skal þá skatturinn skiptast að jöfnu milli hans og framkvæmdasjóðsins.

Skatturinn skal lagður á þá skattþegna, sem 1. janúar 1948 eiga skuldlausu eign, er nemur yfir 100 þúsund krónum umfram skuldlausu eign þeirra 1. jan. 1940.

Undanþegin eignaraukaskatti eru:

- a. Eimskipafélag Íslands h/f.
- b. Fé það, sem félög og einstaklingar, sem hafa sjávarútveg að aðalvinnurekstri, hafa lagt í vara- og nýbyggingarsjóði og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af.
- c. Fé það, sem samvinnufélög hafa lagt í varasjóði samkvæmt ákvæðum laga um samvinnufélög eða tekjuskattur hefur ekki verið greiddur af.

Skatturinn ákveðst þannig:

Af 100—200 þús. kr. eignaraukningu greiðist 5% af því, sem er umfram 100 þús. kr.

Af 200—400 þús. kr. eignaraukningu greiðist 5 þúsund kr. af 200 þús. kr. og 10% af afgangi.

Af 400—600 þús. kr. eignaraukningu greiðist 25 þúsund kr. af 400 þús. kr. og 15% af afgangi.

Af 600—800 þús. kr. eignaraukningu greiðist 55 þúsund kr. af 600 þús. kr. og 20% af afgangi.

Af 800 þús. kr. til 1 millj. kr. eignaraukningu greiðist 95 þúsund kr. af 800 þús. kr. og 25% af afgangi.

Af 1 millj. kr. eignaraukningu greiðist 145 þúsund kr. og 30% af því, sem er þar fram yfir.

Eignaraukaskattur allra samvinnufélaga svo og félaga og einstaklinga, sem hafa sjávarútveg að aðalvinnurekstri, reiknast þannig:

Eignaraukning allt að 100 þús. kr. er skattfrjáls. Af eignaraukningu frá 100 þús. kr. til 200 þús. kr. greiðist 5% af því, sem er umfram 100 þús. kr. Ef eignaraukning nemur yfir 200 þús. kr., greiðist 5000 kr. af 200 þús. kr. og 10% af þeirri eignaraukningu, sem þar er fram yfir.

##### **3. gr.**

Eignarauka skal finna með því að bera saman skuldlausu eign gjaldþegns 1. janúar 1940, sem nefnist byrjunareign, og skuldlausu eign hans 31. desember 1947,

sem nefnist lokaeign. Byrjunareign og lokaeign skal meta eftir skattaframtölum með leiðréttingum skattanefnda og þeim breytingum, sem þessi lög gera ráð fyrir. Ef skattaframtal 1940 er ekki til, skal miða við áætlun skattanefnda það ár, nema sannað sé, að eignir hafi verið aðrar. Ef gjaldþegn átti ekki fyrir skuldum 1. janúar 1940 eftir skattaframtali, skal taka tillit til þess, hvort eignir eru þar taldar með sannvirði. Ef skattanefndir telja vafa á því, skulu þær leiðrétta framtölin og hafa hliðsjón af váttryggingarverði eigna og sennilegu söluverði. Ef skuldir verða þrátt fyrir þær leiðréttingar meiri en eignir, skal enga byrjunareign telja (byrjunareign = 0). Ef ekki er til skattaframtal 1948, skal miða við áætlun skattanefnda. Með eignum einstaklinga skal telja eign þeirra í sameignar- og samlagsfélögum, og teljast slík félög ekki sjálfstæðir skattgreiðendur. Hlutabréf skulu bæði í byrjunareign og lokaeign metin með nafnverði.

Nú hefur maður flutzt til Íslands á tímabilinu 1. janúar 1940 til 31. desember 1947, og skal þá eign hans, er hann fluttist til landsins, talin byrjunareign.

#### 4. gr.

Við ákvörðun eignarauka skal um einstakar eignir, sem skattþegn hefur átt óslitið frá 1. janúar 1940 til 31. desember 1947, miða við sama verð á byrjunareign og lokaeign, nema eignin hafi hækkað í verði vegna þess, að notagildi hennar hafi verið aukið verulega með endurbótum á eigninni eða viðaukum við hana. Skal eignin þá í lokaeign hækkuð í verði um það, sem skattanefndir telja verðgildi hennar hafa aukizt vegna breytinganna að frádreginni hæfilegri fyrningu endurbótanna.

Þegar búfé er metið til eignar, skal í byrjunareign og lokaeign leggja sama búfjármat til grundvallar, nema búfjármagn hafi aukizt, þá skal aukningin ákveðin eftir reglum, sem gilda um búfjármat við framtal á árinu 1948.

#### 5. gr.

Ef skattþegn hefur selt fasteign eða skip, sem hann átti 1. janúar 1940, á tímabili því, sem getur í næstu grein hér á undan, án þess að kaupa aðra fasteign eða annað skip í staðinn, skal leggja söluverð þessara eigna til grundvallar við ákvörðun byrjunareignar, enda sé ótvírætt sannað, hvert söluverðið hefur verið, og það í samræmi við gangverð á þeim tíma og stað, þegar salan fór fram. Liggi söluverð ekki fyrir, skal miða við fasteignamat að viðbættu sama álagi og segir í 6. gr., þegar um kaup er að ræða. Skip skulu þó talin með váttryggingarverði, þegar sala fór fram, nema sannað sé með mati dómkvaddra manna, að það hafi þá verið óeðlilega váttryggt. Ef skattþegn hefur keypt aðra fasteign eða skip í staðinn á tímabilinu eða samið um smíði skips, sem eigi er fullgert 1. janúar 1948, skal telja söluverð hinna seldu eigna í byrjunareign að svo miklu leyti, sem það gengur upp í kaupverð hinna nýju eigna.

Ákvæði þessi um hámarksverð eiga ekki við, þegar opinber aðili hefur verið kaupandi, og skal þá fara eftir sammingsverði.

#### 6. gr.

Ef um er að tefla eignir, sem skattþegn hefur eignast á tímabilinu frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1947, skal í lokaeign miða við það verð, sem hann hefur greitt fyrir þær að frádreginni fyrningu í skattaframtali samkvæmt ákvæðum laga. Fasteignir og skip, sem skattþegn hefur eignast á tímabilinu, skulu ekki reiknuð með lægra verði en hér segir, sbr. þó 2. og 3. mgr.:

1. Jarðeignir með tilheyrandi húsum. Ef skattþegn hefur eignast jörðina árið 1940 eða 1941, skal telja fasteignamatsverð með 25% álagi lágmarksverð, hafi hann eignast jörðina árið 1942, telst fasteignamatsverð með 50% álagi lágmarksverð, árið 1943 með 100% álagi, árið 1944 með 150% álagi og árin 1945—47 með 200% álagi.

2. Fasteignir, aðrar en jarðir, í sveitarfélögum með yfir 1000 íbúa. Ef skattþegn hefur eignast fasteignina árið 1940, telst fasteignamatsverð með 25% álagi lágmarksverð, árið 1941 með 50% álagi, árið 1942 með 100% álagi, árið 1943 með 200% álagi, árið 1944 með 300% álagi, árið 1945 með 400% álagi og árin 1946—47 með 500% álagi.
3. Fasteignir, aðrar en jarðir, í sveitarfélögum með 1000 íbúum og þar undir:  
Ef skattþegn hefur eignast fasteignina árið 1940 eða 1941, telst fasteignamat með 25% álagi lágmarksverð, árið 1942 með 50% álagi, árið 1943 með 150% álagi, árið 1944 með 200% álagi, árið 1945 með 250% álagi og árin 1946 og 1947 með 300% álagi.
4. Skip skal ekki reikna til eigna lægra verði en kaskováttrygging þess nemur á þeim tíma, sem skattþegn eignaðist skipið. Þó skal telja með þann hluta verðmætis skips, sem samkvæmt virðingargerð váttryggingarfélags er í sjálfstryggingu eigna. Heimilt er skattþegni þó að sanna með mati dómkvaddra manna, að skip sé váttryggt of háu verði. Skattanefndir og skattþegn geta látið fara fram yfirmat. Ef skip er óváttryggt, skulu skattanefndir meta, en héra má mat þeirra undir mat dómkvaddra manna.

Ákvæði þessi um lágmarksverð eiga ekki við, þegar opinber aðili hefur verið seljandi. Þá skal fara eftir samningsverði:

Nú þykir ótvírætt sannað, hvert verið hefur kaupverð fasteignar eða skips, sem skattþegn hefur eignast á nefndu tímabili, og skal þá leggja það til grundvallar í loka-eign, ef það er í samræmi við gangverð eigna á þeim tíma og stað, þar sem kaupin gerðust, að frádreginni lögleyðri fyrningu.

#### 7. gr.

Þegar miðað er við fasteignamat í lögum þessum, skal leggja fasteignamatið frá 1942 til grundvallar. Ef fasteign eða skipi, sem skattþegn hefur eignast á fyrrgreindu tímabili, hefur verið breytt eða endurbætt þannig, að verðgildi þess hafi aukizt verulega, eða eignin rýrnað verulega í verði, án þess að fasteignamati eða váttryggingarverði hafi verið breytt, skulu skattanefndir meta breytinguna til peningaverðs í loka-eign. Sama gildir um eignir, sem skattþegn átti 1. janúar 1940, en seldi síðar.

#### 8. gr.

Aður en byrjunareign er ákveðin, skal draga frá henni þá fjárhæð, sem skattþegn hefur greitt í útsvar, tekjuskatt, samvinnuskatt, eignarskatt og úthlutaðan tekjuafgang í samvinnufélögum árið 1940. Á sama hátt skal draga frá lokaeign útsvar, tekjuskatt, tekjuskattsviðauka, stríðsgróðaskatt, samvinnuskatt, úthlutaðan tekjuafgang í samvinnufélögum, greiddan á árinu 1948, auk tryggingariðgjalda samkvæmt 112. og 113. gr. laga um almannatryggingar.

#### 9. gr.

Dánarbætur, útborgað lífsábyrgðarfé vegna látins framfæranda og slysbætur, sem menn hafa fengið á árunum 1940—1947, dragast frá lokaeign. Lífsábyrgð, útborguð í lifanda lífi, fallinn útborgaður arfur og dánargjafir skulu dragast að hálfu frá lokaeign. Fyrirframgreiðsla upp í arf á árunum 1946 og 1947 leggist við lokaeign þess, sem greiðsluna innti af hendi, en dregst frá hjá viðtakanda, sem þó ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Sama er um gjafir til einstakra manna, ef numið hafa meiru en 1000 krónum til hvers.

#### 10. gr.

Ef kona hefur gengið að eiga mann á tímabilinu 1. janúar 1940 til 31. desember 1947, skal leggja byrjunareign hennar við byrjunareign manns hennar og síðan fara með eignirnar sem einn aðili væri. Ef hjón hafa skilið á tímabilinu eða fjárlélagi þeirra verið slitið fyrir 1. nóvember 1947, skiptist byrjunareign þeirra til helminga, nema að því leyti, sem um séreign hefur verið að ræða.

11. gr.

Framtalsnefnd samkvæmt lögum nr. 67/1947 annast álagningu eignaraukaskatts. Ráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum nefndarinnar, ákvæði um álagningu skattsins, kærur út af honum, fresti, úrskurði, gjalddaga, innheimtu og fleira, er að framkvæmd laganna lýtur. Um eignaraukaskattinn skal fara eftir því, sem við á, enda sé ekki á annan veg mælt í þessum lögum, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög.

III. KAFLI

Um verðlagsuppbætur o. fl.

12. gr.

Hvarvetna þar, sem fjárhæð starfslauna eða annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvisitölu samkvæmt lögum, samningum eða á annan hátt, má ekki miða verðlagsuppbót við hærri visitölu en 300, meðan lög þessi eru í gildi. Elli- og örorkulífeyri samkv. lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, má þó greiða með verðlagsuppbót, er nemur allt að 315 visitölustigum.

13. gr.

Nú fær fastlaunamaður heildarlaun, án þess að sérstök grunnlaun hafi verið ákveðin, og lækka þau þá eftir gildistöku laga þessara hlutfallslega við þá lækkun kaupvisitölnunnar, sem ákveðin er í 12. gr.

14. gr.

Undanþága sú frá greiðslu skatta og útsvara af áhættuþóknun, er getur í lögum nr. 61/1939, er úr lögum numin.

Nú stundar forsjármaður heimilis atvinnu fjarri heimili sínu, og skal þá ekki telja honum til skattskyldra tekna fæðishlunnindi, sem hann kann að hafa hjá atvinnurekanda. En verði hann hins vegar að sjá sér sjálfur fyrir fæði, skal hann eiga rétt á því, að frá tekjum hans sé dreginn hæfilegur fæðiskostnaður, áður en skattur er á þær lagður, og skulu um það sett ákvæði í reglugerð.

15. gr.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til þess að færa niður verð á hvers konar vörum, verðmæti og þjónustu til samræmingar við niðurfærslu kaupvisitölnunnar. Tekur þetta til alls þess, sem greinir í 15. gr. laga nr. 70/1947, þar á meðal til hvers konar verzlunarkostnaðar, dreifingarkostnaðar, flutningsgjalda á sjó, landi og í lofti, greiðasölu, veitinga, skemmtana, umsjónar með húsbýggingum o. s. frv. Þá tekur þetta og til hvers konar verðmæta og þjónustu, sem bæjar- og sveitarfélög selja almenníngi, svo sem verðs á rafmagni, gasi, o. s. frv. Ber að gæta þess, að þeir kostnaðarliðir, sem stafa af vinnulaunum, lækki a. m. k. í fullu hlutfalli við niðurfærslu kaupvisitölnunnar. Vald það, er verðlagsyfirvöld hafa til frekari verðlækkunar samkvæmt lögum, er í engu skert. Brot gegn fyrirmælum verðlagsyfirvalda samkvæmt þessari málsgrein varða viðurlögum samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1947.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fyrir húsaleigunefndir að færa niður um allt að 10% húsaleigu í húsum, sem reist hafa verið eftir árslok 1941, svo og húsaleigu í eldri húsum, þar sem nýr leigusamningur hefur verið gerður eftir árslok 1941. Ákvæði þetta skerðir í engu vald húsaleigunefnda samkvæmt gildandi lögum til niðurfærslu húsaleigu. Brot gegn ákvæðum þessarar málsgreinar varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 39/1943.

16. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, þegar er lög þessi hafa tekið gildi, verðskrá landbúnaðarvörur af nýju. Skal þá við það miða, að laun þeirra, er að framleiðslunni vinna, bænda og annarra, haldist í sama hlutfalli við laun þeirra stétta, sem við var miðað við verðákvörðun varanna sumarið 1947, þangað til ný landbúnaðarverðlagsvísitala hefur verið ákveðin samkvæmt lögum nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

IV. KAFLI

Um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

17. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 18.—20. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1948 65 auru verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

18. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsk- og ýsuflokkum nái kr. 1.33 lbs. fob., þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aorum á lbs. Skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi.

19. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfisksútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði rýrnun á saltfiski, er stafar af langri geymslu, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

20. gr.

Til þess að tryggja 65 auru verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 18. og 19. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

21. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1947 til 1. sept. 1948 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

22. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fái fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í ríkissjóð, unz hann er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

23. gr.

Auglýsa skal svo fljótt sem unnt er lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 auru verð, sbr. 17. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

24. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyriræli um allt, er lýtur að framkvæmd þessa kafla laganna, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómonnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 17. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

25. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

26. gr.

Þegar innflutnings- og gjaldeyrisdeild, sbr. III. kafla laga nr. 70/1947, tekur ákvarðanir varðandi verðlagningu á veiðarfærum og viðgerðum skipa, skal kveðja til tvo fulltrúa, annan frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og hinn frá Fiskifélagi Íslands. Skulu þeir hafa atkvæðisrétt um þau mál.

27. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins, sbr. 17.—20. gr., er í gildi, má ekki hækka vexti af rekstrarlánnum útgerðarinnar frá því, sem nú er.

## V. KAFLI

Um aðstoðarlán til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1947.

28. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 5 milljónum króna eða ábyrgjast jafnháa fjárhæð, er varið skal til aðstoðar síldarútvegsmönnum árið 1947.

29. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar með herpinót sumarið 1947, geta sótt um lán samkvæmt lögum þessum, ef þeir eða þau eiga vegna aflabrests á síldarvertiðinni erfitt með áframhaldandi rekstur.

30. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd til að hafa á hendi lánveitingar samkvæmt þessum kafla laganna. Umsóknir um lán skulu sendar nefndinni. Nefndin ákveður, hve langan frest umsækjendur hafa til lánbeiðninnar.

Lánbeiðnir skulu vera skriflegar. Þeim skulu fylgja skilríki sem hér segir:

1. staðfest eftirrit af skattaframtali umsækjanda 1947.
2. efnahagsreikningur umsækjanda pr. 31. des. 1947,
3. rekstrarreikningur síldarútgerðar umsækjanda 1947,
4. veðbókarvottorð skipa og fasteigna umsækjandans.

Auk þess er umsækjanda skylt að gefa nefndinni allar þær skýrslur, er hún telur nauðsynlegar. Með allar skýrslur varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

31. gr.

Þegar lánveitinganefnd hefur fengið tilskilin skjöl í hendur, skal hún sannprófa, eins og unnt er, hvort þau eru rétt. Ef nefndin telur, að umsækjandi eigi erfitt með áframhaldandi rekstur, skal honum veitt lán, ef hann getur sett tryggingar, sem nefndin metur gildar. Nú sækir hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð um lán eftir lögum þessum, og skal þá setja það skilyrði fyrir lánveitingunni, að aðalhluthafar eða aðaleigendur fyrirtækisins taki persónulega ábyrgð á láninu í hlutfalli við hlutfjáreign eða stofnfjáreign þeirra í félaginu, nema aðrar fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir láninu. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera. Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Lánstími má þó ekki vera yfir 5 ár. Ársvextir skulu vera 5%.

32. gr.

Ekkert lán má afgreiða fyrir en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess. Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

33. gr.

Ef lántakandi selur skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið að tryggingu fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

34. gr.

Þeir, sem fá lán samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

35. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar, ef þurfa þykir.

## VI. KAFLI

Um framlengingu á ákvæðum laga nr. 28/1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum.

36. gr.

*Vörumagnstollur.*

Til ársloka 1948 skal innheimta vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari lögum um breytingu á þeim lögum með þeim hækkunum, sem hér greinir:

- a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárlaganna, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
- b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi með þeim undantekningum, sem getur í 38. gr.

37. gr.

*Verðtollur.*

Á sama tíma skal verðtollur innheimtur með 65% álagi, með þeim undantekningum, sem getur í 38. gr.

38. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, sem í 36. og 37. gr. getur, eru eftirtaldar vörur: Tollskrárkafli 9 nr. 1—2, kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.  
— 10 nr. 1—7, korn ómalað.  
— 11 — 1—12, mjöl og grjón.

- 17 — 1—6, sykur.
- 22 — 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
- 24 — 1—9, tóbak.
- 25 — 10, salt.
- 27 — 1—4, kol.
- 27 — 14, steinolia.

Enn fremur eru allar vörur, sem tollur er greiddur af samkvæmt milliríkjasamningum, undanskildar tollhækkun samkvæmt þessum kafla laganna.

#### 39. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollhækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollhækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki í krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

### VII. KAFLI

#### Um álagningu söluskatts vegna ábyrgðar á fiskafurðum og niðurgreiðslu á innlendum vörum.

#### 40. gr.

Einstaklingar og félög, sem hafa með höndum skattskyldan atvinnurekstur, skulu greiða skatt í ríkissjóð af sölu ársins 1948 eftir reglum þeim, sem settar eru í þessum kafla laganna.

#### 41. gr.

Söluskattur skal greiðast af heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, án frádráttar nokkurs kostnaðar, þar með talið andvirði vöru seldrar í umboðssölu svo og tilboðasöfnun, úttekt eigenda úr sjálfs sín fyrirtæki og skipti gegn vöru eða þjónustu. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa, krafna eða annarra slíkra verðmæta og iðgjaldstekjur váttryggingarféлага eru undanþegnar söluskatti. Söluskattur greiðist hins vegar af andvirði vinnu, sem seld er með álagningu (smíði, viðgerðir o. þ. h.), af andvirði vinnu, sem gjaldandi hefur umsjón með gegn álagningu (málun, raflögn, trésmíði o. þ. h.), af greiðslum til verktaka, flutningsgjöldum og afgreiðslugjöldum, heildartekjum prentsmiðja, bókaútgefenda, þvottahúsa, fatapressna, rakara- og hárgreiðslustofa og þess háttar fyrirtækja, af sölu klæðskeraverkstæða og saumastofa, af matsölu og sölu veitinga- og gistihúsa, af aðgangseyri að skemmtunum, sem skemmtanaskattur er greiddur af, og yfirleitt af heildartekjum þeirra fyrirtækja, sem selja vöru, efni, vinnu eða aðra þjónustu með álagningu.

#### 42. gr.

Söluskattur skal nema því, sem hér segir:

1. Af heildsölu og umboðssölu 2%,
2. Af smásölu 1½%,
3. Af sölu iðju- og iðnfyrirtækja sem og allra annarra fyrirtækja, sem gjaldskyld eru samkvæmt 40. gr. 1½%.

Eigi skal þó greiða skatt af sölu þeirri, sem hér segir:

1. a. andvirði vöru, sem seld er úr landi,  
b. andvirði mjólkur og mjólkurafurða, kjöts, nýs, frosins, reyktis, niðursoðins og saltaðs, fisks, nýs, frosins, niðursoðins og saltaðs, að síld meðtalinni,  
c. sölu á veiðarfærum, salti og oliu svo og á viðgerðum á skipum,
2. sölu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 62 11. júní 1938.

43. gr.

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt lögum þessum, skulu innan tveggja vikna eftir 30. júní, 30. september og 31. desember senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um viðskipti sín og sölu á undangengnu tímabili. Skulu hinir síðarnefndu ákveða gjaldið innan tveggja vikna og það síðan greiddast tollstjóranum í Reykjavík eða sýslumönnum og bæjarfógetum utan Reykjavíkur fyrsta dag næsta mánaðar. Ef skatturinn hefur eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir,  $\frac{1}{2}\%$  á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.

45. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma, eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu gjaldandans og ákveða gjaldið eftir því. Komi í ljós, að söluskatturinn hafi verið ákveðinn á röngum forsendum, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að breyta fyrri ákvörðun sinni. Telji gjaldþegn söluskatt ranglega ákveðinn, hefur hann rétt til að áfrýja þeirri ákvörðun til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

44. gr.

Skattstjóri og skattanefndir skulu hafa aðgang að gögnum innflutnings- og gjald-eyrisdeildar fjárhagsráðs, verðlagsstjóra og tollyfirvalda til notkunar við endurskoðun skattaframtala og ákvörðun skattsins.

46. gr.

Verð vöru má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans.

47. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda auk þeirra, sem áður voru nefndir, skuli undanþegnir söluskatti, ef álagning hans er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Í reglugerð skal og ákveða um meðferð kærna og kærufrest.

48. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn þessum kafla laganna fer samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 9/1935, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit o. fl.

## VIII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

49. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera tillögur um árlegan vísitöluútreikning, miðaðan við magn og verðmæti útflutningsframleiðslunnar.

50. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.